Nr. 115 11. desember 2015

# LÖG
**um breytingu á ýmsum lögum til undirbúnings fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. HLUTI
**Innanríkisráðuneyti.**

### I. KAFLI
**Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.**

1. gr.

a. Í stað orðanna „fatlaðan mann“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: fatlaðan einstakling.
b. Í stað orðsins „fatlaðra“ tvívegis í 2. mgr. 4. gr. og j-lið 1. mgr. 28. gr. laganna kemur: fatlaðs fólks.
c. Í stað orðanna „fatlaðra manna, sem eru fullra“ og „fatlaða“ í 49. gr. laganna kemur: fatlaðs fólks, sem er fullra; og: fatlað fólk.

### II. KAFLI
**Breyting á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum.**

2. gr.

Í stað orðsins „fötluðum“ í f-lið 3. mgr. 61. gr. laganna kemur: fötluðu fólki.

### III. KAFLI
**Breyting á lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, með síðari breytingum.**

3. gr.

Í stað orðsins „fatlaða“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: fatlað fólk.

### IV. KAFLI
**Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.**

4. gr.

Í stað orðsins „fávita“ í 222. gr. laganna kemur: einstaklingi með þroskahömlun.

### V. KAFLI
**Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.**

5. gr.

a. Í stað orðanna „málefna fatlaðra“ í 2. tölul. c-liðar 8. gr. a og tvívegis í 1. mgr. og 2. mgr. 13. gr. a laganna kemur: málefna fatlaðs fólks.

b. Í stað orðsins „fatlaða“ í e-lið 9. gr. og hvarvetna í 13. gr. a laganna kemur: fatlað fólk.
c. Í stað orðanna „málefnum fatlaðra“ í 3. mgr. 13. gr. a laganna kemur: málefnum fatlaðs fólks.

VI. KAFLI
**Breyting á lögum um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála, nr. 119/2012, með síðari breytingum.**
6. gr.
Í stað orðsins „fatlaðra“ í c-lið 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: fatlaðs fólks.

VII. KAFLI
**Breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.**
7. gr.
Í stað orðsins „fatlaða“ í 2. mgr. 58. gr. laganna kemur: fatlað fólk.

VIII. KAFLI
**Breyting á lögræðislögum, nr. 71/1997, með síðari breytingum.**
8. gr.
Í stað orðsins „fatlaðra“ í 2. mgr. 58. gr. laganna kemur: fatlaðs fólks.

2. HLUTI
**Velferðarráðuneyti.**
IX. KAFLI
**Breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.**
9. gr.
a. Í stað orðsins „fatlaða“ í 7. tölul. 2. gr., 3. mgr. 44. gr., fyrirsögn XI. kafla og 54. gr. laganna kemur: fatlað fólk.
b. Í stað orðsins „fötluðum“ tvívegis í 42. gr. laganna kemur: fötluðu fólki.
c. Í stað orðanna „fatlaða og leitast við að tryggja þeim“ í 43. gr. laganna kemur: fatlað fólk og leitast við að tryggja því.
d. Í stað orðanna „Fatlaðir eiga rétt á almennri þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum og skal þeim“ í 1. mgr. 44. gr. laganna kemur: Fatlað fólk á rétt á almennri þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum og skal því.
e. Í stað orðsins „þeirra“ í 2. mgr. 44. gr. laganna kemur: þess.
f. Í stað orðsins „fatlaðra“ í 2. og 3. mgr. 44. gr. og tvívegis í 54. gr. laganna kemur: fatlaðs fólks.

X. KAFLI
**Breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum.**
10. gr.
Í stað orðsins „fatlaðra“ í 2. mgr. 52. gr. laganna kemur: fatlaðs fólks.

## XI. KAFLI
**Breyting á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum.**

11. gr.

Í stað orðanna „hafa fatlaðir sem búa saman á sérstökum sambýlum fyrir fatlaða“ í 5. mgr. 7. gr. laganna kemur: hefur fatlað fólk sem býr saman á sérstökum sambýlum fyrir fatlað fólk.

## XII. KAFLI
**Breyting á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.**

12. gr.

Í stað orðsins „fatlaða“ í 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: fatlað fólk.

## XIII. KAFLI
**Breyting á lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, nr. 83/2003, með síðari breytingum.**

13. gr.

a. Í stað orðsins „fatlaðra“ í 1. mgr. 3. gr., hvarvetna í 1. og 3. mgr. 4. gr. og hvarvetna í 1. og 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: fatlaðs fólks.
b. Í stað orðsins „fatlaða“ í 3. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: fatlað fólk.
c. Í stað orðanna „hinn fatlaða“ í 2. málsl. 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: hinn fatlaða einstakling.

## XIV. KAFLI
**Breyting á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum.**

14. gr.

Í stað orðsins „fatlaða“ í 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: fatlað fólk.

## XV. KAFLI
**Breyting á lögum um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, nr. 160/2008, með síðari breytingum.**

15. gr.

a. Í stað orðanna „daufblinda einstaklinga“ í 1. mgr. 1. gr. og 4. mgr. 4. gr., „daufblinda“ í 4. mgr. 1. gr. og fyrirsögn 5. gr. og „daufblindra“ í a-lið 7. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.
b. Í stað orðsins „daufblindir“ í 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.
c. Í stað orðanna „Daufblindrafélags Íslands“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: Fjólu – félags fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.
d. 3. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: *Einstaklingur með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu:* Einstaklingur telst með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu ef saman fer sjón- og heyrnarskerðing sem takmarkar athafnasemi hans og hamlar þátttöku í samfélaginu í slíkum mæli að hann þarfnast sértækrar þjónustu, laga þarf umhverfi að þörfum viðkomandi eða nýta sérstakan tæknibúnað til að mæta þörfum hans. Samþætting sjón- og heyrnarskerðingar er sérstök fötlun, en ekki samsetning tveggja fatlana.
e. Í stað orðsins „daufblindum“ tvívegis í 5. gr. laganna kemur: einstaklingum með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

f. Í stað orðsins „fatlaðra“ tvívegis í 7. gr. laganna kemur: fatlaðs fólks.
g. Heiti laganna verður: **Lög um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.**

XVI. KAFLI
**Breyting á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011, með síðari breytingum.**
16. gr.

Í stað orðanna „hagsmunasamtök fatlaðra“ í c- og f-lið 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

3. HLUTI
**Fjármála- og efnahagsráðuneyti.**
XVII. KAFLI
**Breyting á lögum um vörugjald á ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum.**
17. gr.

Í stað orðsins „fatlaðra“ í m-lið 1. tölul. 4. gr. laganna kemur: fatlaðs fólks.

XVIII. KAFLI
**Breyting á lögum um opinber innkaup, nr. 84/2007, með síðari breytingum.**
18. gr.

Í stað orðsins „fatlaðra“ í 1. mgr. 40. gr. laganna kemur: fatlaðs fólks.

XIX. KAFLI
**Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, með síðari breytingum.**
19. gr.

Í stað orðsins „fatlaðra“ í 9. mgr. 6. gr. laganna kemur: fatlaðs fólks.

4. HLUTI
**Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.**
XX. KAFLI
**Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.**
20. gr.

Í stað orðsins „fatlaða“ í 14. tölul. 4. gr. laganna kemur: fatlað fólk.

XXI. KAFLI
**Breyting á skipulagslögum, nr. 123/2010, með síðari breytingum.**
21. gr.

Í stað orðsins „fatlaða“ í 3. tölul. 2. gr. laganna kemur: fatlað fólk.

XXII. KAFLI
**Breyting á lögum um mannvirki, nr. 160/2010, með síðari breytingum.**
22. gr.

Í stað orðsins „fatlaða“ í 3. tölul. 3. gr. laganna kemur: fatlað fólk.

5. HLUTI

**Mennta- og menningarmálaráðuneyti.**

XXIII. KAFLI

**Breyting á lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, nr. 61/2011, með síðari breytingum.**

23. gr.

a. Í stað orðsins „daufblinda“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: samþætting sjón- og heyrnarskerðingar.
b. Í stað orðsins „daufblinda“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

XXIV. KAFLI

**Breyting á bókasafnalögum, nr. 150/2012.**

24. gr.

a. Í stað orðanna „fatlaðra sem njóta“ í 3. mgr. 15. gr. laganna kemur: fatlaðs fólks sem nýtur.
b. Í stað orðanna „daufblinda einstaklinga“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

XXV. KAFLI

**Breyting á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum.**

25. gr.

Í stað orðsins „fatlaðra“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: fatlaðs fólks.

XXVI. KAFLI

**Breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, með síðari breytingum.**

26. gr.

Í stað orðsins „fatlaðra“ í 1. mgr. 34. gr. laganna kemur: fatlaðs fólks.

XXVII. KAFLI

**Breyting á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008, með síðari breytingum.**

27. gr.

Í stað orðsins „fatlaðra“ í 4. mgr. 24. gr. laganna kemur: fatlaðs fólks.

XXVIII. KAFLI

**Breyting á lögum um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, nr. 129/1990, með síðari breytingum.**

28. gr.

Í stað orðsins „fatlaðra“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: fatlaðs fólks.

6. HLUTI

**Forsætisráðuneyti.**

XXIX. KAFLI

**Breyting á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með síðari breytingum.**

29. gr.

Í stað orðsins „fötluðum“ í 4. mgr. 13. gr. laganna kemur: fötluðu fólki.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um aðstoð til fatlaðra, nr. 25/1962, með síðari breytingum. Jafnframt fellur brott 3. gr. tilskipunar frá 23. mars 1827 um vald biskupa til að veita undanþágur frá fermingartilskipunum.

*Gjört á Bessastöðum, 11. desember 2015.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Ólöf Nordal.*